

**1019. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 4. júní 2018 og  
hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir formaður, Kristján Andri Guðjónsson aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður og Marzellius Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Malbikun gatna 2018 - 2017100008**

Lagt fram bréf Brynjars Þórs Jónassonar, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dagsett 30. maí 2018, þar sem lagt er til að samið verði við Hlaðbæ Colas hf. um malbikunarframkvæmdir 2018.

*Bæjarráð samþykkir tillögu Brynjars Þórs Jónassonar, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, um að samið verði við Hlaðbæ Colas hf. um verkið "Malbikunarframkvæmdir 2018" að uppfylltum skilyrðum innkaupareglna Ísafjarðarbæjar.*

**2. Ný persónuverndarlöggjöf 2018 - 2017050126**

Lagður fram tölvupóstur Kristjönu Benediksdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 30. maí sl. þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál. Umsagnarfrestur er til 7. júní sl.

Kynnt er minnisblað Sigurðar Mús Eggertssonar, sérfræðings á stjórnsýslusviði Ísafjarðarbæjar, dags. 1. júní sl., um tillögur að umsögn Ísafjarðarbæjar.

*Bæjarráð samþykkir tillögu Sigurðar Mús Eggertssonar að umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.*

**3. Verkefni nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu - 2014080062**

Á 8. fundi nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu var unnið í skýrslu nefndarinnar um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu og ritara nefndarinnar falið að innleiða framkomnar breytingar í skýrsluna.

Skýrslan er kynnt í bæjarráði.

*Bæjarráð leggur til að skýrsla nefndar um íbúalýðræði og virkari stjórnsýslu verði lögð fyrir næsta fund bæjarstjórnar.*

**4. Fundargerð íbúafundar hverfisráðs Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis - Málefni hverfisráða 2017-2018 - 2017010043**

Lögð er fram fundargerð frá íbúafundi hverfisráðs Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis frá 25. maí sl.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**5. Fundargerðir 2018 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2018020005**

Lögð fram fundargerð 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 18. maí sl., og barst með tölvupósti 29. maí sl.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**6. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 500 - 1805025F**

Fundargerð 500. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 30. maí sl. Fundargerðin er í 34 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 8:4**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Kristján Andri Guðjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Gísli Halldór Halldórsson

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir